sbv Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/891
komudagur 28.1.2004

Reykjavík, 27. janúar 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um ársreikninga (427. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 15. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV hafa fylgst náið með þeirri miklu vinnu sem átt hefur sér stað á undanförnum árum bæði á vegum ESB og hjá alþjóða reikningsskilaráðinu (IASB) varðandi endurskoðun reikningsskilastaðla, enda skipta slíkar reglur miklu máli um gegnsæi markaðarins og samkeppnishæfni fyrirtækja í hverju landi fyrir sig. Í þeim efnum sendu SBV fjármálaráðherra tvenn bréf á síðasta ári, þ.e. 11. mars og 20. júní, þar sem áherslur SBV voru áréttaðar og stjórnvöld brýnd að hefja sem fyrst vinnu að því að aðlaga íslensk ársreikningalög að breytingum á alþjóðlegum stöðlum.

SBV áttu fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að samningu frumvarpsins og lýsa stuðningi við þær breytingar sem þar eru lagðar fram og vonast til að frumvarpið verði lögfest sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri